

25.4.2016

Sendi hér umsögn bæjarráðs Fljótshéraðs, sbr. tölvupóst frá nefndasviði Alþingis dags. 20. apríl sl.

Með kveðju

Stefán Br.

201604137 - Fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018

Bæjarráð ítrekar fyrri bókanir sínar um að Alþingi samþykki hið fyrsta samgönguáætlun til fjögurra ára. Bæjarráð lýsir hins vegar yfir þungum áhyggjum af því að í núverandi drögum að samgönguáætlun, vantar gífurlega fjármuni til þess að standa með eðlilegum hætti að viðhaldi og uppbyggingu núverandi samgöngukerfis landsins. Meðan að svo er liggur fyrir að nánast ómögulegt er að ráðast í bráðnauðsynlegar nýframkvæmdir í samræmi við þau markmið sem fyrirbyggjandi áætlun leggur þó til grundvallar. Ljóst er til dæmis að við núverandi aðstæður verður ekki séð að fjármagni verði veitt til gerðar nýrrar brúar yfir Lagarfljót á næstu árum og jafnvel áratugum, auk þess sem töf getur orðið á öðrum nauðsynlegum framkvæmdum, svo sem vegi yfir Öxi og göngum undir Fjarðarheiði. Það er algjörlega óásættanlegt og skorar bæjarráð á Alþingi að tryggja málaflokknum nauðsynlegt fjármagn til næstu ára enda stendur núverandi staða uppbyggingu landsbyggðanna alvarlega fyrir þrifum.